

**FUNDARGERÐ****KYNNINGARFUNDUR UMHVERFISSTOFNUNAR FYRIR VATNASVÆÐIS-NEFND Á VATNASVÆÐI 3**

Dags. fundar 7.02.12	13:30 – 16:00	Staður Félagsheimilið Hvolur , Hvolsvelli	Nr. fundar 1
Fundarstjóri: Kristján Geirsson		Fundarritari: Heiðrún og Jóhanna, áhersla lögð á að skrifa niður allar spurningar fulltrúa og svör við þeim.	
Fundarmenn: Birgir Þórðarson og Sigrún Guðmundsd., Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Hannibal Kjartansson, Hrunamannahreppi, Jón Tryggvi Guðmundsson, sveitarfél. Árborg og Flóahreppi, Margeir Ingólfsson, Bláskógabyggð, Sigurður Jónsson, Sveitarf. Ölfus, Guðmundur F. Baldursson, Hveragerðisbæ, Ísleifur Jónasson og Eydís Þ Indriðadóttir, Rúnar Guðmundss. og Böðvar Bjarnason, Ásahreppi, Rangárþingi eystra og ytra, Ari Einarsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Börkur Brynjarson, Grímsnes- og Grafningshreppi, Kristján Geirsson, UST, Heiðrún Guðmundsdóttir, UST, Jóhanna Björk Weissappel, UST, Tryggvi Þórðarson, UST.			
Afrít sent til: Fulltrúa í vatnasvæðisnefnd á svæði 3			
Markmið fundar: Kynna nýja stjórnýslu vatnamála, drög að áfanga- og verkáætlun, hlutverk vatnasvæðisnefnda og skipulag vinnufunda.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	Opnun fundar: Kristján Geirsson, deildarstjóri.	KG
2	<p>Kynningar: Heiðrún Guðmundsdóttir– Lög og reglugerðir Tryggvi Þórðarson– Áfanga og verkáætlun 2011-2015 Jóhanna Björk Weissappel– Vatnasvæðisnefndir og skipulag vinnufunda.</p> <p>Spurningar/athugasemdir frá fulltrúum: Netalög, fjallað um á bls. 11 í drögum að áfanga- og verkáætlun, af hverju er ekki samræmi við lög um stjórn vatnamála þar sem strandsjór „nær út að einni sjómílu frá landi.....“? Svar UST: Snýst um að sveitarfélög hafi umsjón með svæði út að netalögum, ekki er verið að vísa í skilgreiningu laganna um stjórn vatnamála á strandsjó. Gjaldtaka vegna nýtingar vatns árið 2013, hvernig verður henni háttáð? Svar UST: Notendur greiði, þetta er þó enn óljóst, of dýrt að setja upp mæli í hvert hús, því er ekki búið að finna út hvernig hægt er að gjaldtaka notkun á vatni. Finna þarf leið til gjaldtöku til að standa undir kostnaði af vatnastjórnun. Ráðuneytið stýrir þessari vinnu og mun vera í samráði við sveitarfélög. Efasemdir hjá fulltrúum um að verkefnið sé til einhvers gagns. Tvíverknaður; sbr. neysluvatnssvæðin sem merkt eru inn á aðalskipulagsupprætti sveitarfélaga. Svar UST: OS hefur kallað eftir gögnum um vatnsverndarsvæði og vatnsból og verða þau sett inn í gagnagrunn VÍ. Þannig er byggt á gögnum sem fyrir hendi eru. Athugasemdir gerðar við skiptingu á milli vatnasvæða 3 og 4. Ekki hefði verið haft samráð við heilbrigðisnefnd á Suðurlandi. Talin mikill kostnaður vegna setu í tveimur vatnasvæðisnefndum – tvöfaldur kostnaður fyrir sveitarfélögin. Þarf e.t.v. að skoða betur skiptinguna um Þingvallavatn. Svar UST: Reynt er að leita leiða til að stytta ferðatíma á fundi og til að einfalda vinnuna. Fulltrúar hvattir til að senda umhverfisráðuneytinu ábendingar um aðra skiptingu milli vatnasvæða 3 og 4 telji þeir málið mikilvægt. Fulltrúi Bláskógabyggðar ekki ánægður með að þurfa að fylla út lista og tilgreina álag. Finnst þetta ekki einfalt, hefur 2000 sumarbústaði dreifða um sveitarfélagið. Er auk þess ekki viss um að hann vilji veita viðbótarupplýsingar sem gætu komið í bakið á sveitarfélaginu. Svar UST: Við erum eingöngu að leita eftir sýnilegum áhrifum eins og t.d. ofauðgun og froðu í vötnum og viðbótar upplýsingum við þær sem HES hefur.</p>	HG TP JBW

	<p>Sveitarfélögin eru misjafnlega í stakk búin til að fara í aðgerðir í fráveitumálum. Svar UST: Heilbrigðisnefndir hafa frá 1999 haft ákveðnar skyldur skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim. Sum hafa uppfyllt þær, önnur ekki. Í lögum um stjórn vatnamála eru engar frekari kröfur á sveitarfélög vegna fráveitumála.</p> <p>Verður aukið álag á HES? Svar UST: Árið 2014 verður hægt að ákveða endanlegt vöktunarkerfi fyrir allt landið. Til er mikið af gögnum frá vöktunarmælingum sem þegar eru stundaðar og munu nýtast áfram. Hluti vöktunar verður væntanlega lagður af (ofvöktun?) en við bætist önnur vöktun, t.d. vöktun á gerðum vatnshlota sem sýna viðmiðunarástand (náttúrulegt ástand). Þar sem hluta af núverandi vöktun má sleppa er ekki víst að viðbótarkostnaður Hes verði mikið meiri. Auk þess fer stór hluti af vöktun vatnas fram á vegum ýmissa stofnana ríkisins. Gerum ekki ráð fyrir mikið meiri vöktun, verður betur dreifð í samræmi við heildarþörf og skipulagðari.</p> <p>Var verkefnið, vatnastjórnun, kostnaðarmetið? Hefur áhyggjur af því að aukinn kostnaður lendi á almenningi og sveitarfélögum. Svar UST: Kostnaðargreining fór fram í upphafi innleiðingar nýs stjórnkerfis vatnamála upp á 110 millj./ári og er gert ráð fyrir þeim kostnaði næstu 3 árin (max. 170-180 millj./ári). 90% af vatni er í góðu ástandi og ekki ráðgerðar neinar stórar og dýrar rannsóknir. Fara þarf varlega í gjaldtöku, finna þarf gjaldstofn fyrir 110-180 milljónum á ári til framtíðar. Við höfum allt upp í 18 ár til að koma vatni í lag hér á landi. Langstærstur hluti íbúa er við sjó en þynningaráhrif sjávar eru mikil og lítil mengun er inn til landsins þótt einstaka ár, einkum á Suðurlandi, séu undir nokkru álagi. Búist er við álagi vegna skólps/frárennslis en einnig vegna landbúnaðar og sumarhúsabyggða. UST og HES hafa miklar upplýsingar nú þegar. Mikilvægt að safna saman viðbótar upplýsingum um álag til að fylla upp í „eyðurnar“ og eru vatnasvæðisnefndir vettvangurinn fyrir það. Allar aðgerðir á að ábatagreina, kostnaður aðgerða sem ráðist verður í má ekki vera meiri en svo að ekki halli á hag íbúana, það á ekki að rífa niður virkjanir (fólk þarf rafmagn).</p> <p>Varðandi söfnun gagna um grunnvatn sem jarðhita, þá hefur OS ekki allstaðar upplýsingar um jarðhita? Svar UST: Við munum eingöngu skoða sérstaklega jarðhita sem er verið að nýta og gögn eru til um.</p> <p>Umræður í lokin</p> <p>Fulltrúar voru sammála skiptingu vatnasvæðis í tvö minni svæði, annarsvegar svæðið vestan Mýrdalshrepps og hinsvegar Mýrdalshrepp og svæðið þar fyrir austan. Einnig að hafa vinnufundi og að útfyllingu gátlista ásamt heimavinnu á milli funda. Hvað með stýrihóp innan vatnasvæðisnefndar? Of snemmt að svara því að mati fulltrúana. UST biður fulltrúana um að hugleiða þörfina fyrir stýrihóp og eins að mynda hóp um ákveðin álagssvæði.</p> <p>Ábending UST: Veit að til er gagnagrunnur um allar rotþrær í Árnessýslu, allar hnissettar þar, og að gott væri að fá aðgang að þeim upplýsingum til að setja í gagnagrunn VÍ. Mun nýtast við notkun móðela í álagsgreiningu af völdum dreifðrar mengunar.</p> <p>Ábending: Mikilvægt að á vinnufundi komi UST með sem fullkomnastan lista yfir þekkt álag og í vatnasvæðisnefndum sé eingöngu leitað eftir viðbótar upplýsingum. UST tekur undir þetta.</p> <p>Ábending frá HES: Í framhaldi af umræðu um söfnun gagna og kostnað við rannsóknir þá vildi HES nefna að það kom athugasemd frá ESA á sl. ári við úttekt þeirra vegna matvælaeftirlits um að ekki væri til heildarefnagreining fyrir öll vatnsból til matvælaframleiðslu á Suðurlandi s.s. einkavatnsból vegna mjólkurframleiðslu eða lítillar fisk- eða kjötvinnslu. Mikill kostnaður því hvert sýni kostar um 200 þ kr.</p>	
	<p>Næsti fundur: Gert ráð fyrir að verði í apríl. Þá verður kominn listi/kort yfir þekkt álag á vatnasvæðinu og gátlistar fyrir viðbótar álag.</p>	